

Spjallfundur með heimastjórn

Miðvikudaginn 24. maí kl. 17:00 í Herðurbreið

Mætt: Björg Eyþórsdóttir, formaður, Jón Halldór Guðmundsson, Margrét Guðjónsdóttir, Hugrún Hjálmarsdóttir, umhverfis- og framkvæmdamálastjóri og Jónína Brynjólfssdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdamálanefndar

Gestir voru um 20-25 manns

- Lýsing í Íþróttasalnum, margar ónýtar perur. Það á að skipta þeim út fyrir LED-perur, hefur verið sent í hönnun sem ekki hefur verið skilað, þrátt fyrir að ýtt hefur verið eftir því.
- Ljósastaurar við Íþróttahúsið, búið að vera slökkt á þeim í 2-3 ár. Stendur til að skipta þeim út (athuga hjá Sveini, held það hafi verið misskilningur um hvaða ljósastaura var verið að tala um).
- Gufufoss, ferðamenn sem labba á Fjarðarheiðinni upp að Gufufossi sem er mjög hættulegt. Slys sem bíður eftir að gerast – hvað er hægt að gera. Rætt um mögulegan göngustíg, hjólastíg við götuna. Ræða við Vegagerðina og fá þau til móts við okkur hvað varðar kostnað.
- Rætt um snjómokstur, ruðning og salt á göngustígum, t.d. á Bökkunum.
 - Í vetur var fjárfest í litlu tæki til að ryðja gangstíga og stéttir, erum núna orðin loksins almennilega græjuð. En tekið fram að fyrst þarf að byggja upp almennilega gangstíga og þá er hægt að ryðja þá almennilega.
 - Á Múlaveginum, fyrir neðan veg, voru bílar fastir í stæðunum eða við götuna þegar verið var að ryðja.
 - Rætt um staðsetningu ruðninganna – þeir voru yfirleitt settir þar sem trjágróðurinn er.
- Hugrún vill gjarnan beita sér fyrir því að það verði gerð gangskör í gangstéttar og göngustígamálum á Seyðisfirði, bæði innanbæjar og utan.
- Ryk frá framkvæmdum við snjóflóðavarnargarðana
 - Verktakinn búið að kaupa áburð og fræ og er hugsunin að græða upp vinnusvæðið jafnóðum og það byggst upp, vonandi sjást grænir fláar í sumar.
 - Varðandi ryk frá veginum, Hugrún mun koma ábendingunni áleiðis til eftirlitsmannsins og fylgir því eftir.
- Spurt hvort búið sé að plana nýja bæjargirðingu/sauðfjargirðingu
 - lagt til að það verði girt beint upp fjallið, girðing stendur betur þannig heldur en girðing sem er þvert (Keli)
- Göngustígakerfið í kringum bæinn (Gunnar Sverris)
 - Fjarðarsel – það á eftir að kurla í hann að hluta, það þarf að fara yfir hann eftir haustrigningarnar og veturinn.
 - Fossaleiðin- fönguleiðin upp að fossunum að sunnanverðu t.d. upp að Gufufossi, það verður ekki farið í lagfæringar í sumar (í sumar verður farið í lagfæringar að Búðarárfossi)
 - Bílastæðin við Háubakka- mikil drulla þar, þarf að vatnsræsa og setja mól
 - Bílastæði við Bjólf – við skiltið – alltof lítið bílastæði, það var fyrirhugað að stækka það. Kanna stöðuna og aðkomu Vegagerðarinnar.
- Spurt hvort fyrirhugað sé að gera gangstéttir í bænum
 - Hugrún vill gjarnan beita sér fyrir því að það verði gerð gangskör í gangstéttar og göngustígamálum á Seyðisfirði, bæði innanbæjar og utan.
 - Garðarsvegurinn í forgangi (leikskóli)

- Það kom fram hugmynd að byrja á að fara í stefnumótunarvinnu hvað varðar gangstéttir og gangstíga á Seyðisfirði og fá fjölbreyttan hóp fólks að borðinu, börn, kennara, eldri borgara og fleiri, til að setjast niður og finna út hvar fólk er að labba og hvar vantar stéttir og stíga. Klára fyrir janúar.
- Samgöngur fyrir börnin okkar
 - Strætóferðir yfir heiðina svo börnin geta farið á milli í íþróttastarf, félagsmiðstöð, tómstundir o.þ.h. Margir foreldrar búnir að skutla á æfingar í mörg ár.
 - Lykillinn: styrkara íþróttastarf
 - Skoða hvernig þau gera þetta í Fjarðabyggð
 - Hver er kostnaðurinn við innanbæjarstrætóinn á Egilsstöðum (skólabíll).
 - Þetta var skoðað í undirbúningsvinnu fyrir sameininguna
- Fótboltavöllurinn, eru plön um nýja íþróttastaðstöðu.
 - Svæðið á sundlaugartúninu, er hægt að nýta það betur?
- Garðarstjörnin – búið að sá þar (fá það samt staðfest)
- Skiltamál við listaverk bæjarins, hafa upplýsingaskilti – lítið viðhald á sumum af þessum listaverkum
 - Tvísöngur
 - Minnisvarðinn við Áhaldahúsið (um snjóflóðið)
 - Ottó Wathne
 - Ingi T – við kirkjuna
- Minnisvarðinn við Neðri-Staf- brotna skiltið: er í Áhaldahúsinu – búa til nýtt (á ensku og ísl)
- Fleiri bekkir við gönguleiðir
 - t.d. upp að Gufufossi, allavega tvo bekki, t.d. hafa bekk við fjárréttina
- Rætt um deiliskipulagsmál
 - Athuga hesthúsasvæðið – breyta skilgreiningunni í atvinnu- og iðnaðarlóð ?
 - Spurt um smáhúsabyggðir/frístundabyggð, hvort hægt sé að útvega land/lóðir. Jónína segir að sveitarfélagið sé ekki að fara að gera það af fyrra bragði, það þyrfti að koma beiðni og þá hægt að skoða það. Ákvörðun hjá UFR að fara í deiliskipulagsgerð ef nefndin telur það vera það mikill áhugi fyrir því.
 - Við aðalskipulagsgerð verða fundir með íbúum þar sem hægt er að koma þessum áhuga/skoðunum á framfæri.
- Malbikun:
 - Vallargata og Hlíðarvegur: mánaðarmótin júní/júlí
- Ný skólabygging: sú vinna er að byrja, verið að boða fyrsta fund
- Staðan á Gamla ríkinu
 - Búið að taka ákvörðun um að höfnin verður með aðstöðu í kjallaranum. Verið að leggja lokahönd á teikningarnar.
 - Stendur ennþá til að gera innréttingarnar upp og eiga þær að vera á jarðhæðinni, en fyrst þarf að gera við húsið að utan.
- Vakin athygli á því að smábátahöfnin sé í slæmu standi, enn verið að vinna í skipulagsmálum varðandi smábátahöfnina.
- Flutningur á húsum
 - Auglýst verður eftir tilboðum í Garð, skilyrt því að eignin verði færð í samræmi við tillögu ráðgjafanefndar um færslu húsa á Seyðisfirði. Verður grenndarkynnt eftir næsta fund UFR, vilja heyra sjónarmið íbúa.
- Herðubreið, spurt um stöðuna á vinnu utanhúss

- Tvígang búið að bjóða út múrverkið, í fyrra skiptið bárust engin tilboð, seinna skiptið voru tvö tilboð en báðum hafnað.
- Undirbúningur á klæðningu á húsið, verið að leggja lokahönd á tillögu sem verður lögð fyrir UFR og síðan boðið út.
- Rætt um staðsetningu neyðarstiga við Herðubreið, þarf að vera staðsett þar sem það hefur ekki áhrif á aðkomu íþróttahússins.
- Vatnsbólið
 - ábending um að það ætti að vera skilti þar sem segir að þetta sé vatnsból, en það eru víst ástæður fyrir því að ekki megi vera skilti þar.
- Íbúðir sveitarfélagsins í Hamrabakka
 - Rætt um skort á viðhaldi, malbikun í kringum og við húsið
 - Hefur verið reynt að halda húsfund, stefnt að því að fara í það mál
- Ábending varðandi göngustíga: þarf að fara yfir þá, viðhald og annað.
- Stækkun á bílastæði við Gufufoss (ath. Vegagerðina)
- Staðan á Regnbogagötunni
- Opnunartími kirkjunnar, þarf að vera meira opin